

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Reykhólahreppi, A.-Barðastrandarsýslu.**

1. gr.

Fasteignaskatt í Reykhólahreppi skal innheimta með 100% álagi.

2. gr.

Gjaldldagi fasteignaskattsins er 15. júlí. Þeir gjaldendur fasteignaskatts, sem jafnframt eru útsvarsgjaldendur, mega þó greiða síðari helming skattsins 15. október hvert gjaldár.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt í Reykhólahreppi, staðfest af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu á árinu 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. júní.

Nr. 45.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir heiðursverðlaunasjóð Daða Hjörvar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. júní 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir heiðursverðlaunasjóð Daða Hjörvar.**

1. gr.

Helgi Hjörvar og Rósa Hjörvar, kona hans, stofna sjóð til að veita þeim mönnum heiðursgrip til minja, sem fegurst tala íslenzka tungu í útvarp.

2. gr.

Sjóðurinn heitir: Heiðursverðlaunasjóður Daða Hjörvar. Stofndagur sjóðsins er 5. nóvember 1958.

3. gr.

Heiðursgripurinn er í þrennu formi:

1. Peningur úr gulli, 5,5 sm í þvermál, myndslégin á báðum hliðum (eftir því sem nánar verður ákveðið) og þessi áletrun: FYRIR FRÁBÆRAN FLUTNING ÍSLENZKRAR TUNGU Í ÚTVARP.